

# Stórmerkileg aldaskiftaspá.

Í Lundúnavikuritínu *Light* (Ljósíð) er 10. júní síðastl. sagt frá spá, sem mjög er óskandi að sannspá reynist. Það er enskur prestur, sem segir frá. Vinkona hans mikil og miðill ágætur, dáið fyrir hálfu ári, ritar með hönd vinar hans, sem einnig er prestur, einhvern dag er þeir eru saman, á þessa leið: „Þá ætla eg að segja, að endalok þessa tímabils eru nú vissulega mjög nálæg orðin. Drottinn mun koma aftur með valdi og mikilli dýrð, miklu fyr en flestir búast við. Verkinu til undirbúnings þessum stórkostlega og dýrðlega atburði, bæði hér (í hinum svonefnda andaheimi) og á jörðinni, er nú næstum lokið, en þegar svo verður til fulls, mun meistarinn og miljónir á miljónir ofan af undirbúnum öndum í fylgd með honum, taka jörðina með áhlaupi — ef svo mætt að orði komast — og leiða mannkynið undan valdi djöfulsins og inn í ljós guðs og ást. Verk vðar á jarðarsviðinu er

nú, sem næst, að fullu unnið og verður svo alveg innan skamms, guði sé þökk fyrir það.“

„Þetta er því furðulegra,“ — bætir presturinn við — „sem hin framliðna vinkona mín hafði aldrei, meðan hún lifði hér á jörðu, einu orði minst á endurkomu Krists, og ekki heldur hefi eg haft hana í huga.“ Sennilega er um konu prestsins að ræða, og má þá af þessum orðum marka, að þau hjónin hafa ekki trúað á endurkomu Krists, eða hún hefir ekki verið þeim neitt áhugamál.

## II.

Swedenorg skrifaði 2 eða 3 bindi til að útskýra Opinberun Jóhannesar, og einnig þessi opinberun, sem enski presturinn hefir fengið, þarf talsverðrar skýringar við, ef vér eigum að hafa hennar full not. Það er

Þá fyrst, að muna verður að viðtakandinn er prestur — enskur prestur — og spáin lög- uð mjög eftir hans máli og hugsunarhætti. Horfur og á- stæður hér á jörðu nú eru t. d. þannig, að prestinum mundi virðast öll ástæða til að tala um vald djöfulsins. Hundruð- um þúsunda er drekt, miljónir meiddar og drepnar með ógur- legri vopnum en áður hafa þekt verið, tugir miljóna flæmdir frá eignum sínum og heimilum. Og það er eins og náttúran sjálf gangi af göflun- um þegar mennirnir haga sér svo alveg gagnstætt því, sem vera þyrfti. En ótiðindi þessi eru þó aðeins sem minnihátt- ar inngangur að því, sem helst virðast horfur á að verða muni. Það er því bersýnilegt, að stórra viðburða þarf hér með og óvæntra úr annari átt, ef ekki vald hins illa á að fá alveg yfirhöndina.

W. S. Sunnud. 1. '38

### III.

Aðalefnið er í spá þessari hið sama og segir í Eddu: Böls mun alls batna, mun Baldr koma, og lýtur að því, að skifta má frá Helstefnu til Lífstefnu. En mjög eftirtektarvert er það, að í þessari nýstu aldaskifta- spá er minst á þann undirbún- ing, sem nauðsynlegur hefir verið til þess að sú umbreyt- ing geti orðið, og tvívegis tek- ið fram með áherslu, að þeim undirbúningi sé nú bráðum lokið. Væri betur að sá gleði- boðskapur reyndist sannur. — Svo vill til, að mér er dálítið sérstaklega kunnugt um það, í hverju sá undirbúningur er falinn, því að verulegasti þátt- urinn er sá, að færa þannig út náttúrufræðina, að líffræðin fari að ná til stjarnanna og til lífsins eftir dauðann. Að þessu hefi jeg nú verið að reyna að vinna um allmörg ár, gegn miklum erfiðleikum og sum- um nokkuð ótrúlegum. Hafa menn í þessum efnun reynst mér talsvert ver en þurft hefði. Jeg hefi síðan 1925 skrifað talsvert í *Light*, ritið, sem spá þessa birti, og nú virðist loks- ins nokkuð vera farið að á- vinnast. En þó virðist mönnum

enn ganga mjög erfiðlega að átta sig á þeim undirstöðu-sannindum, að hinu líkamlega lífi er haldið áfram eftir dauðann, og á öðrum jarðstjörnum. En fyr en þetta er orðið lýðum ljóst, eru ekki þau skilyrði fyrir hendi, að drottinn geti hjer birst og herir himnanna með honum — svo að tekið sé nokkuð líkt til orða og í spánni er gert. En ef visindalega er að orði komist, þá er um að ræða samband við hinar fullkomnari lífmyndir á öðrum stjörnum. Þegar það er komið í lag, munu hinar fullkomnari lífverur geta birst hjer, Baldur mun koma og ljós sannleikans mun skina svo skært, að sjeð verði leið til að ráða fram úr öllum vandræðum mannlífsins. Væri betur að sú hin fagra spá rætist, að þess sje mjög skamt að bíða, að ljósið nái að eyða myrkri vanþekkingarinnar. En ekki þarf að efa hvernig fara mundi, ef það tækist ekki. Helvegur mundi þá til enda farinn, og Íslendingar verða sú

þjóðin, sem fyrst liði undir lok. En ef spáin rætist, þá mun Ísland verða í þeim ljóma — einsog Þorsteinn Erlingsson hefir vikið á af svo ágætr andagift — að fjölmarga mun víða um lönd, fýsa hingað að koma til að sækja til Ljóseyjarinnar fró og fróðleik. Mun þá mikil breyting verða til batnaðar á atvinnuvegum þjóðarinnar, og öllum högum

#### IV.

Þegar skygn maður lítur yfir þennan hnött, þá sjer hann að á Íslandi er hjartasti bletturinn hjer á jörðu, en þó einnig hjer á landi sá bletturinn sem svartastur er. Og hefir stundum jafnvel virst nokkur hætta á að myrkrinu mundi takast að kæfa ljósið, og mundi þá ekki spáin rætast, ef svo færi. En auðvelt væri að eyða þessum svartasta sorta, ef menn vildu aðeins taka á drengskap sínum og gæta þess nógu vel í hverju sönn þjóðrækni er innifalin.

26. júní.

Helgi Pjeturss.

Stem. allsþess